

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

Opið frá 11-16 laugard. 7. apríl

Stillanlegt að þínum þörfum!

Nýttu
tækifærið!

Aðeins kr.

34.754 á mán.

eða 399.800 kr. staðgreitt

SHAPE þrýstijöfnunar heilsudýna
á C&J stillanlegum botni.
Verðdæmi 2x90x200 cm.

12 mán.
vaxtalaus
greiðsludreifing*



Nýttu
tækifærið!

Nýttu
tækifærið!

Nýttu
tækifærið!

Nýttu
tækifærið!

Nýttu
tækifærið!

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

Settu þig í þægilegar
stillingar og láttu þreytuna
eftir amstur dagsins líða úr þér.

Tilboðsverð

C&J + Shape dýna

Stærð cm.	Með still. botni
2x80x200	375.800,-
2x90x200	399.800,-
2x90x210	405.800,-
2x100x200	423.800,-
120x200	230.900,-
140x200	257.900,-

* 0% vextir en viðskiptavinur greiðir 3,5% lántökugjald og 540 kr. greiðslu. á mán.

Frábær svefnsófi í
sumarbústaðinn og
gestaherbergið

Aðeins
kr. 159.000,-



Tunga báðum megin

Tveir
litir



Tunga 155 cm

Glæsileg
fermingar-
tilboð!

Fermingar-
tilboð
kr. 78.900,-

STÆRÐ 120X200

FRÁBÆR
KAUP!



Svæðaskipt
pokagormakerfi

Frábærar
kantstyrkingar

Bómullar-
áklæði

Shape Comfort
kr. 4.900,-



Alhliða heilsukoddi

MJÚKUR



Shape Classic
kr. 5.900,-



Ótrúlega þægilegur

ÞÉTTUR



Shape Original
kr. 8.900,-



Veitir réttan stuðning

STUÐNINGS
LAG



SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

Shape heilsukoddarnir gefa þann stuðning og þægindi sem tryggja þér góða naturnvild. Shape heilsukoddarnir eru gerðir úr byllingarkenndu Visco-Elastic þrýstijöfnunarefni. Shape heilsukoddarnir tryggja að höfuð þitt er í náttúrulegri svefnstöðu og jetta því á öðum. Byllingarkennda Shape Visco-Elastic þrýstijöfnunarefnið tryggir góða öndun í heilsukoddanum. AloeVera áklæði fyrir einstaka mykt og öndun.



OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-16

DORMA 
- býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími
☎ 512 6800
eða dorma.is

Farðu endilega inn á mbl.is og skoðaðu fyrsta sýnishornið úr myndinni Frost, nýrri íslenskri kvikmynd sem verður frumsýnd í september.

DAVÍÐ LÆRDI AÐ LEGGJA SPÁÐA SÉR TIL MUNNS Í SUÐUR-KÓREU



DAVÍÐ JÓNSSON Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 241091.
Uppáhaldsmatur: Samgjöpsal, svínakjöt upp á suður-kóreskan máta.
Uppáhaldsstaður í heiminum: Seúl og sumarbústaðurinn.
Versta bíómynd sem ég hef séð: Leitín að Rajeev, hún er hrikaleg í minningunni.
Fjöldi Íslandsmeistarátíla í borðtennis: Er ekki með tölu á því en í einliðaleik eru þeir tíu.
Uppáhaldsbílaframleiðandi frá S-Kóreu: Hyundai, klárlega.

Eini ljóshærði dúddinn

Davíð Jónsson, borðtennisþafi með meiru, dvaldi í Suður-Kóreu þar sem hann æfði borðtennis af kappi, naut lífsins og drakk í sig suður-kóreska menningu.

„Upphaflega sóttist ég einfaldlega eftir einhverju ævintýri að útskrift úr menntaskóla lokinni og þá ákvað ég að stökkva bara út í djúpu laugina og fara til Asíu en það var eitthvað sem mig hafði alltaf dreymt um að gera,“ segir Davíð Jónsson, margfaldur Íslandsmeistari í borðtennis, sem kom heim í vikunni eftir rúmlega fimm mánaða dvöl í Suður-Kóreu. „Mér fannst spennandi að fara til Suður-Kóreu því ég hef aldrei heyrt um neinn sem hefur farið þangað að spila borðtennis. Ég myndi segja að landið væri eitt best geymda leyndarmál Asíu. Það er ódýrt að búa þarna, þægilegar almenningsangöngur og maturinn virkilega góður,“ bætir hann við.

„Ég kynntist tveimur Bandaríkjamönnum sem kenndu mér aðeins á lífið í Seúl. Sem betur fer kunnu þeir aðeins í kóresku því enskukunnáttan þar er af skornum skammti. Síðan var ég svo heppinn að rekast á ótrúlega góða æfingaaðstöðu í borðtennisskóla í Seúl. Suður-Kóreubúar eru ábyggilega svona 5.000 sinnum betri en allir Evrópuþúar í borðtennis og á staðnum sem ég æfði var að finna menn sem hafa varla gert

neitt annað en að spila borðtennis. Þeir keppast allir um að verða atvinnumenn og ef þeir ná því ekki enda þeir sem þjálfarar eða bara afgreiðslumenn á Starbucks. Þjálfunin þarna er því mjög ákaf og það er meiri samkeppni og harka innan íþróttarinnar svo ég er búinn að margfalda getu mína,“ segir Davíð, en hvernig gekk honum að falla inn í hópinn? „Það gekk vel en ég var samt líklega eini ljóshærði dúddinn sem þessir strákar hafa nokkurn tímann æft með eða jafnvel hitt.“

Móðgaði óvart mann og annan
 „Þótt borðtennis hafi verið í forgrunni naut ég líka lífsins og tilverunnar í Asíu. Ég reyndi auðvitað að læra kóreskuna eins og ég gat. Það er mjög skemmtilegt mál, eiginlega flókið og einfalt á sama tíma. Skrifletrið er þægilegt, það er ekki jafnflókið og kínverska eða japanska þar sem það eru 60.000-80.000 tákn, heldur eru táknið bara 24. Ég var frekar snöggur að læra lettrið og þá varð lífið þarna strax aðeins auðveldara því þá gat maður lesið á götuskipti og svona. Þá voru grundvallaratriðin í talmálinu

fljót að koma inn. Hins vegar vafðist svolítið fyrir mér ákveðið kurteisiskerfi sem fyrirfinnst í kóresku. Það eru sem sagt þrjár til fimm leiðir til að segja ýmsa hluti sem eru á mismunandi kurteisisstigi, til dæmis þegar maður ávarpar fólk. Ég kunni ekkert fyrst í því og móðgaði mann og annan með því að tala óvart niður til einhvers fullorðins eða tala alltof kurteisilega við litla krakka,“ segir hann og hlær.

Ætlar aftur til Suður-Kóreu
 „Suður-Kóreubúar eru gott fólk. Þeir hugsa sérstaklega mikið um útlitið og tala ótrúlega opinskipt um útlit hvers annars. Þeir til dæmis hika ekki við að segja við mann: „Þú ert með svolítið lítil augu en frekar stórt nef og það er alveg fínt. Vinur þinn er hins vegar ekki alveg nógu fallegur,“ segir Davíð en ber Suður-Kóreubúum að öðru leyti söguna vel. Davíð mælir tvímælalaust með Seúl og ætlar sér að snúa þangað aftur. „Ég ætla að reyna að viðhalda kóreskunni og fara þangað aftur með vinunum og sýna þeim borgina einn daginn.“
 elg

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

UM PÁSKANA

Er nokkuð betra en að nýta páskana í að skjótast út úr amstri borgarlífsins og fara út á land? Monitor mælir með því að fólk taki því rólega í sumarbústað um páskahelgina, nú eða skelli sér vestur á tónleikahátíðina **Aldrei fór ég suður**. Nánar má lesa um hátíðina í síðasta tölublaði Monitor.



Á NETINU

Á YouTube má finna fjöldann allan af ótrúlega flottum myndskildum með söngkvintettinum **Pentatonix**. Um er að ræða sönghóp ungra Texas-búa sem syngja alls kyns dægurlög í ótrúlega flottum undirleikslausum útsetningum. Flettið þeim upp!



Í GOGGINN

Innan veggja hinnar glæsilegu glerhallar, Hörpu, má finna veitingastaðinn vel nefnda **Munnharpa**. Monitor mælir með sesarsalatinu á matseðli staðarins sem kitlar bragðlaukana allsvakalega með góðum skammti af kjúklingi ásamt góðri salatdressingu, parmesanosti og brauðflögum. Svo er líka bara svo gaman að fylgjast með mannlífni í Hörpu.



Vikan á facebook



Margrét Erla Maack
 er páskaeggjandi!
 4. apríl kl. 10:54



Guðrún Dís Emilsdóttir
 Siggí Hlö er vinsælasti útvarpsmaður á Íslandi... Ég vil þangað...Næstu daga ætla ég að gera allt eins og Hlö og ekkert kjaftæði... Við erum að tala um það gott fólk að ég hentist niður í Hátækni í gær verslaði mér þetta fallega fallega hvíta eintak af Nokia Lumia, þannig að nú tala ég í eins símtæki og hann...Ætla norður um páskana eins og hann... Og er þegar búin að spila alveg eins tónlist og hann í Virkun í morgun, Harold Faltermeyer og Lionel Richie... Svo er það bara að fá sér 100 bita sushiveislu í hádeginu og málið er steindautt !!!
 4. apríl kl. 10:52



Elva Dögg Melsteð
 ?19 ára fermingarafmæli krakkar mínir, hvað segir það okkur? Ja, héra hér. Aldurinn færst yfir og allt það. Finn "því miður" ekki fermingaralubúmið mitt til að deila hér.
 4. apríl kl. 10:32



Simmi Vill
 Það er með sannri ánægju sem við Jóhannes Ásbjörnsson tilkynnum endurkomu McDonalds á Íslandi. Við opnum fyrsta staðinn 1. Október 2012.
 1. apríl kl. 16:58

HEITASTI BLAÐINU

4 Nítján keppendur keppa í hæfileikum annað kvöld í **Hæfileika-keppni Íslands**



6 Stíllinn leit að sjálf-sögðu við á **RFF** og tók saman það sem stóð upp úr.



8 Dóra Jóhannsdóttir smakkaði Þorramat í fyrsta sinn á Bessastöðum.



14 Gunnlaugur Bjarnason vann Músíktilraunir með strákunum í RetRoBot.



Efst í huga Monitor

Ég og þú, þá og nú

MÉg man þegar ég var 12 ára og fór með systur minni, sem þá var 19 ára, á úrslitakeppnina

í Gettu betur. Systir mín var í MR og sat framarlega með öllum helstu stuðningsmönnum liðsins. Einn stuðningsmannanna hafði verið skiptinemi í Ameríka og var mættur þarna í ruðningsgalla frá toppi til tár. Ég horfði á þennan mann og hugsaði: „Þessi maður er stór.“ Raunar fannst mér allir krakkarnir stórir og fullorðnir og spilar þar inn í að á þessum tíma var ég 13 sentimetrum lægri en tvíburasystir mín sem í dag er einhverjum 20 sentimetrum lægri en ég. En upplifunin var frábær og ég hlakkaði mikið til að verða menntaskólanemi.

Ég man líka þegar ég var á leikskóla og var einn af fáum sem gátu hoppað af brúnni og í sandkassann sem var fyrir neðan. Ég hugsaði: „Vá, hvað þetta er hátt fall.“ Ég held að brúin sé í mesta lagi einum metra frá sandkassanum.



Í dag er ég búinn að upplifa menntaskóla-árin. Ekki nóg með það heldur eru sjö ár síðan ég útskrifaðist. Í dag er líka töluvert síðan að ég hjólaði um á þríhjól á leikskólanum og gat hoppað af brúnni. Ekki nóg með það heldur eru margir félagar mínna sem eiga barn á leikskóla. Ótrúlegt hvað þessi tími flýgur. Það er gaman að líta til baka og rifja upp gamla og góða tíma en um leið er gaman að lifa daginn í dag og líta til framtíðar.

Mér finnst eins og ég hafi verið viðstaddur Gettu betur-keppnina með systur minni í gær. En það er fyndin tilhugsun hvað ég var mikill tittur þá því í dag horfi ég á MR-strákana lyfta bikarnum í sjónvarpinu og hugsa um leið eins og gamall maður: „Þetta eru flottir krakkar sem eiga framtíðina fyrir sér.“

Til lukku, MR, með titilinn. Jú og gleðilega páska,

Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Þórhildur Þorkelsdóttir (thorhildur@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Sigurgeir Sigurðsson
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



DANÍEL SIGRÍÐARSON

21 árs úr Reykjavík

„Jugglar“

Daníel er mikill aðdáandi kvikmyndarinnar Forrest Gump en gaman er að segja frá því að hann var fjögurra ára gamall þegar hún kom út. Það leiðinlegasta sem hann gerir er að fylla út form og hann þráir að öðlast ríkidæmi fyrir hæfileika sína.



ARI ÓLAFSSON


14 ára úr Reykjavík

Syngur Memory úr söngleiknum Cats

Vesturbæingurinn Ari heldur með KR og hefur áhuga á fótbolta, söng og kvikmyndum. Uppáhaldslitur hans er rauður og fyrirmyndirnar eru mamma og pabbi. Ari er opin og duglegur og stefnir á að fara alla leið.

Hæfileika-keppnin heldur áfram

Monitor kynnti sér keppendur í Hæfileika-keppni Íslands sem heldur áfram annað kvöld.



JÓNAS G. SIGURÐSSON

21 árs úr Grafarvogi

Gengur á slackline

Það myndasta sem Jónas hefur lent í er þegar hann stökk af brettinu í sundlauginni í Hveragerði og lenti sitjandi á fánalínu. Hann er mikill áhugamaður um klifur, skátastarf og stærðfræði en finnst leiðinlegt að vakna snemma á morgnana. Fyrirmyndin er Andy Lewis, heimsmeistarinn í slackline, og Jónas stefnir á að halda áfram að læra ný trix í faginu.



STEFÁN JÓHANN SIGURÐSSON

24 ára úr Reykjavík

Syngur með „playback“

Áhugamál Stefáns eru að uppgötva ný áhugamál. Fyrirmyndir hans eru foreldrarinn og söngkonan Beyoncé sem honum finnst flottust en Helgi Seljan hræðir úr honum líftórana. Stefán stefnir á að þróa hæfileika sína og gera eitthvað skemmtilegt.



EINAR EINSTAKI

Einar Aron Fjalarsson

16 ára úr Mosfellsbæ

Sýnir töfrabrogð

Áhugamál Einars eru töfrabrogð og íþróttir en það leiðinlegasta sem hann veit er að fara í skólann. Einar er alltaf hress og stefnir á að ná langt. Einar er einn þeirra sem hlaut hvað flest atkvæði fyrir þættina inni á mbl.is.



VILBORG KRISTÍN ÞRASTARDÓTTIR

17 ára úr Reykjavík

Syngur lagið Skinny Love og spilar undir á gítar

Þessi hæfileikaríka stelpa er slunginn kokkur og það besta sem hún fær er humar. Star Wars er uppáhaldsmyndin, bleikur uppáhaldsliturinn og flugur hræða hana mest í lífinu.



GABRÍEL ÖRN ÓLAFSSON

13 ára úr Kópavogi

Flytur lagið He's a Pirate á píanó

Þessi jákvæði píanóleikari hefur áhuga á kórffubolta og kvikmyndum og eru Lord of The Rings myndirnar í uppáhaldi. Hreindýr rennur ljúft ofan í Gabríel sem stefnir á að komast eins langt og hann kemst.



SVAVAR ÞÓR MAGNÚSSON

19 ára frá Dalvík

Syngur I Know með Jet Black Joe

Svavar er bæði liðtækur í söng og leiklist en hann er að leika í uppsetningu leikfélags Dalvíkur á farsanum Allir á svið um þessar mundir. Verkið hefur hlotið nýtt nafn á þeirra fjöllum og kallast nú: Grjóthaltu kjafti. Það hefur Svavar þó ekki hugsað sér að gera.



EWELINA KAMILA SOSWA

18 ára frá Sandgerði

Hundurinn Bella leikur listir

Ewelina elskar hunda og er mjög góður hundaþjálfari. Hún hefur kennt Bellu hin ýmsu trix sem þær vinkonur framkalla með miklum glæsibrag. Ewelina er stolt af Bellu og segir hana hafa stáltaugar.



HLJÓMSVEITIN MYRRA

Máni, Tara Síf, Baldur og Jón Ingvar

23-26 ára frá Reykjavík

Leika lagið Dvel ég í faðmi þér eftir þau sjálf

Þessi fræknu frændsystkini búa vítt og breitt um landið og eru jafn ólík og þau eru mörg. Áhugamál Mána eru hestar og tónlist, Tara er mest fyrir handbolta, pole fitness og söng, Baldur er tónlistar- og íþróttunnandi og Jón Ingvar hefur mestan áhuga á tónlist, bókmenntum og göngutúrum.



BRYNDÍS RUT ÓSKARS-DÓTTIR

17 ára frá Akureyri

Syngur

Bryndís veit fátt skemmtilegra en að syngja, leika á gítar og spila handbolta. Hana langar að reyna fyrir sér í söngnum og þætti alls ekki leiðinlegt að verða fræg fyrir hæfileika sína.



TÓMAS LEIFSSON

26 ára úr Hafnarfirði

Fretar með höndunum

Tómasi leiðist að raka á sér höfuðið en gjaldyrishöft hræða hann. Hans helsti kostur er þolinmæði og Steingrímur Jod er hans helsta fyrirmynd. Tómas stefnir ekki á heimsfrægð fyrir atriði sitt – ekki nema þá í svona korter.



SÖNGHÓPURINN LÍNA OG LILJA

Lína Björk Ívarsdóttir og Lilja María Ívarsdóttir

27 ára tvíburar úr Hafnarfirði

Syngja

Lína og Lilja elska báðar útivist og söng en hræðast drauga. Systurnar eru miklir stuðpinnar. Lilju er það minnisstætt þegar systir hennar reiddist eitt sinn í Fjarðarkaupum og rauk út í bíl. „Hún sat þar með fýlusvip þangað til það kom í ljós að hún var í vitlausum bíl, þetta var bíllinn við hliðina á mömmu bíl.“



VIÐAR ERIK VIÐARSSON

20 ára frá Reykjavík

Spilar á gítar

Viðar Erik er enginn venjulegur gítarleikari. Honum leiðist að vakna en hefur miklar mætur á lambakjöti. Hann lýsir atriðinu sínu sem nettum gítarleik og mun flytja lag af plötu gítargóðsins Ewan Dobson.



ARON MÁR ATLASON

13 ára úr Reykjavík

Syngur lag Jóns Jónssonar, When You're Around

Þessi hressi strákur úr Grafarholtinu hefur gaman af söng og handbolta og elskar kjöt í brauði. Aron er góður vinur og fyrirmynd hans er Fjölur Þorgeirsson.



VALDÍS EIRÍKSDÓTTIR

19 ára frá Akureyri

Syngur Nóttin er ástsjúk

Valdís er mikill hrakfallabálgur. Hún slasaði meðleikara sína í söngleiknum Vínlandi þónokkrum sinnum. Í einu atriðinu átti hún að hálshöggva mann en hitti á höfuðið á honum með þeim afleiðingum að leikarinn hlaut líklega heilahristing þar sem hann kastaði upp eftir sýninguna. Valdís er enn miður sín eftir atvikið en hefur ekki skaðað samleikara síðan.



SABÍNA SIF SÆVARSDÓTTIR

17 ára úr Sandgerði

Söngur

Sabína er sannur Íslendingur og fiskur er það besta sem hún fær á sinn disk. Kvikmyndin Taken er í uppáhaldi og í enska boltanum telur hún Tottenham vera aðalliðið. Sabína er opin og ófeimin og stefnir að fara langt út í heim með hæfileika sína.



KARL EMIL KARLSSON

18 ára frá Hafnarfirði

Dansar

Karl Emil er efnilegur dansari sem elskar Liverpool og salat. Karl Emil heldur mikið upp á Þorvald Davíð og er ekki laust við að hann sé nokkuð líkur honum. Eins filar hann Johnny Depp og Ryan Reynolds og notar aðeins eitt orð yfir þá: fagmenn.



DANSHÓPURINN MÁS

Margrét Mist, Ástrós og Sara Dís

15 ára frá Reykjavík

Dansa

Stelpurnar dansa verk sem byggist á hugtakinu „stormur“ í víðum skilningi þess orðs. Premeningarnir koma úr Kópavogi, Garðabæ og Grafarvogi en leiðir þeirra lágu saman í Dansrækt JSB. Meðal fyrirmynda þeirra er kennarinn þeirra, Þyri, en allar segjast þær eiga auðvelt með að taka gagnrýni ef hún er uppbyggileg.



MILLA SNORRASON

Milla Snorrason sýndi sína allra fyrstu línu á RFF í ár. Hún var með einstaklega skemmtilegar litasamsetningar og snið. Flíkurnar voru mjög klæðilegar og myndu sóma sér vel í hvaða fataskáp sem er. Stíllinn er líka mjög skotinn í sokkunum sem fyrirsætunarnar klæddust.

HILDUR YEOMAN

Hildur Yeoman kom, sá og sigraði með sýningu sem var ótrúleg fyrir augað. Á pallinum söng Daníel Ágúst með dansara sér til halds og trausts og kringum þau dönsuðu fyrirsætunarnar í glimmeri, sumar á línuskautum. Föðunin og fylgihlutirnir stóðu upp úr hjá Hildi.



Þórhildur Þorkelsdóttir
thorhildur@monitor.is

ELLA

Það má lýsa línu ELLU í þremur orðum: elegant, sexi og klassísk. Fyrirsætunarnar voru stórglæsilegar með dökkan varalit og uppsett hárlit í dásamlegum, tímalausum flíkum.

HÁPUNKTAR RFF

Reykjavík Fashion Festival var haldin með pompi og prakt síðustu helgi. Það má með sannri segja að hátíðin hafi verið hin glæsilegasta og flestir eru sammála um að aldrei hafi verið jafnvel að henni staðið og í ár. **Stíllinn** var að sjálfsögðu á staðnum og hér sjáum við brot af því besta.



ÝR

Ýr var með glæsilega sýningu þar sem leður og rúskinn í jarðlitum var áberandi. Línunni er best lýst sem kvenlegum en beittum „power-woman“-fatnaði.



KORMÁKUR & SKJÖLDUR

Það eru allir að tala um sýningu Guðmundar Jörundssonar og félagar hjá Kormáki og Skildi. Enda ekki furða, línan er klassi alla leið og klæðnaður á alvöruherra.



KRON BY KRONKRON

Skemmtileg myndur og litagleði einkenna línu Kron-hjóna. Sýningin í ár var töfðaralegri en áður, litirnir dekkri og sjá mátti skemmtileg tribal-áhrif. Kjólarnir voru hver öðrum klæðilegri og fallegri eins og við var að búast.



MUNDI

Mundi var með glæsilega sýningu í bílastæðakjallara Hörpu. Þægindin eru alltaf til staðar hjá honum, en sniðin og mynstrin eru mun klæðilegri en það sem við höfum áður séð hjá þessum efnilega hönnuði.



LODKRAGI:
GEYSIR 17.400 KR.

ULLARPEYSA:
RAUÐAKROSSBÚÐIN 6.500 KR.

ULLARPEYSA

Gamla góða ullarpeysan hefur haldið á okkur hita frá órófi alda og það breytist ekki í bráð. Það má nú samt poppa hana upp með því að smella loðkraga í fallegum lit yfir.

HUNTER-STÍGVÉL

Allar Hollywood-stjörnurnar eiga Hunter-stígvél og þú ert ekki kona með konum nema eiga eitt par. Þau kosta sitt en hversu hentugt er samt að gúmmistígvél séu í tísku?



HUNTER-STÍGVÉL:
IQ SKÓLAVÖRÐUSTÍG
24.900 KR.

TÍSKURÁÐ FYRIR PÁSKAFERÐINA

Þá er páskahelgin að ganga í garð og margir flykkjast úr bænum til að nýta langþráð frí sem allra best. Bústaðaferðir, skíðaferðalög og Aldrei fór ég suður-tjútt. En þó þú yfirgefir höfuðborgina er óþarfi að skilja elegansinn eftir heima. **Stíllinn** tók saman nokkra huti sem eru nytsamlegir til að skvísa sig upp í erfiðum aðstæðum.



ULLARBOLUR:
JANUSBÚÐIN: 4.690 KR.



REGNSTAKKUR:
66° NORÐUR: 11.500 KR.

ÞURR-SJAMPÓ

Þegar það er ekki hlaupið að því að þvo á sér hárið er þurrsjampó mesta snilld í heimi, það er bara þannig.



BATISTE ÞURRSJAMPÓ:
BEAUTY BAR 998 KR.

REGNSTAKKUR

Þó að það sé sól og blíða þegar þú leggur af stað veit hvert mannsbarn að á Íslandi er ekki hægt að fara út fyrir bæjarmörkin án þess að hafa með sér regnstakk.

ULLARNÆRFÖT

Það er fátt jafn ótóff og að klæða sig ekki eftir veðri. Þegar maður fer út á land þar sem mikið er um útvist er nauðsynlegt að vera í ull næst sér.



ULLARLEGGINS:
JANUSBÚÐIN: 6.990 KR.

STUTTIR ULLARSOKKAR:
RAUÐAKROSSBÚÐIN 1.800 KR.



HÁIR ULLARSOKKAR:
GEYSIR 2.700 KR.

VATNSHELDUR MASKARI

Fátt er ömurlegra en svartar klessur og sviði í augum. Smelltu á þig vatnsheldum maskara og ekkert vesen.



MASKARI:
ZOOM WATERFAST LASH
FRÁ MAC 3.990 KR.

VARALITUR

Fallegur varalitur gerir alltaf mikið. Það er gott að vera með einn í töskunni eða vasanum, hvort sem hann er í ljósum eða dökkum lit.



VARALITUR:
LADY DANGER FRÁ MAC 3.990 KR.

TIMBERLAND-SKÓR

Timberland-skórnir hafa fyrir löngu stimplað sig inn sem einn besti skófatnaður sem til er. Þeir eru ótrúlega flottir og góðir í skólann, fjallgöngu og allt þar á milli.



TIMBERLAND-SKÓR:
TIMBERLAND KRINGLUNNI/LAUGAVEGI 16.990 KR.

ULLARSOKKAR

Lífsnauðsynlegir í íslenskum aðstæðum.



Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Við fórum í fjölskyldufri til Kaupmannahafnar síðasta sumar. Köben er alveg yndisleg borg. Ég bjó þar í tvö sumur sem unglingur, sextán og sautján ára.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Það var á staðnum Snaps við Óðinstorg sem er ótrúlega flottur staður. Ég fékk mér reyndar bara „croque monsieur“, samloku með skinku og osti, en það var virkilega gott.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Ég held að það hafi verið Svartur á leik. Hún var mjög góð, ég var mjög hrifin af henni.



Síðasti hlutur sem ég keypti: Ætli það hafi ekki verið eitthvað úti í matarbúð? Jú, síðast keypti ég mjólk úti í Bónus.



Síðasta húsverk sem ég innti af hendi: Ég mætti vera duglegri við húsverkin en þetta hefur farið batnandi með árunum. Síðasta húsverkið mitt var innt af hendi í gær þegar ég setti í uppþottavélina.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Það hefur verið í morgun við son minn áður en hann fór á leikskólann.



Þrítug kona í dulargervi sonar síns

Leikkonuna **Dóru Jóhannsdóttur** langar að gera eitthvað stórkostlegt á næstu 50 árum og það oft. Hún sagði **Monitor** frá vinnustaðagríni leikara, bráðnuðum hraðsuðukatli og fyrsta skiptinu sem hún smakkaði þorramat.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Dóra Jóhannsdóttir er leikkona á uppleið sem rataði inn í leiklist á menntaskólaárunum. Þar steig hún sín fyrstu skref í grínfarsa og nú, rúmum áratug síðar, hefur hún skipað sér sess meðal fremstu gamanleikkvanna landsins. Hún birtist landsmönnum um þessar mundir á fjöllum Borgarleikhússins í verkinu Hotel Volkswagen og á skjánum í sjónvarpsþættinum Mið-Ísland. Dóra hefur þó ekki einvörðungu metnað fyrir starfi sínu sem leikkona heldur hefur hún einnig hug á að leikstýra meira en hún hefur nú þegar gert í framtíðinni. Þrátt fyrir samvinnuna með Mið-Íslandi segir hún engar líkur á að hún sé á leið í uppistandið enda segist þessi fyndna leikkona óttast tilhugsunina um að standa upp á sviði og þurfa að framkalla hlátur áhorfenda án þess að vera í karakter. „Ég held að ég eigi aldrei eftir að prófa það. Eða það þyrfti mikið til og marga peninga,“ segir hún og hlær.

Náði þér einhver á 1. apríl síðastliðnum?

Það náði mér enginn, nei. Ég held að Facebook sé aðeins búið að eyðileggja 1. apríl af því að þú ferð þangað inn á og þá eru allir búinir að skrifa

„status“ um 1. apríl. Þá var ég með þetta á hreinu og var betur á varðbergi. Við grínuðumst reyndar aðeins í leikhúsinu en það var bara saklaust. Við vorum að sýna Hótel Volkswagen og við sögðum Dóra Gylfa að höfundurinn vildi breyta endinum á leikritinu og það væri sem sagt komið nýtt handrit sem við yrðum að læra fyrir sýningu. Hann fór fram í afgreiðslu og við höldum að brandarinn myndi bara enda þar en þá lét konan í afgreiðslunni hann fá handrit, bara gamla handritið. Hann kom til baka og fletti því fram og aftur og skildi ekkert hvaða breytingar við værum að tala um.

Er mikið um vinnustaðagrín í leikhúsinu?

Það kemur alltaf eitthvað upp, enda stórskemmtilegt fólk upp til hópa. Í Borgarleikhúsinu er sá alræmdasti leikhússtjórinn sjálfur, Magnús Geir. Það eru til stórkostlegar sögur af honum. Hann tók nú einn hrekk á mig þegar ég var aðstoðarleikstjóri hjá honum í Herranótt þegar ég var í MR. Ég var utanskóla þennan vetur og mátti því ekki vera með í leikhópnum en ég var rosalega metnaðarfullur aðstoðarleikstjóri af því að ég hafði svo mikinn áhuga á leiklist. Ég kunnir leikritið og öll hlutverkin utanbókar. Síðan hringdi Magnús í mig og sagði: „Heyrðu, ein leikkonan handleggsbrotnaði þannig að þú þarft að hlaupa í skarðið í kvöld.“ Þá hugsaði ég: „Jæja, nú er tækifærið fyrir mig að skina,“ og eyddi öllum deginum í að undirbúa mátt. Síðan mætti ég í leikhúsið, mátaði búninginn sem var alltof lítill því leikkonan var helmingi minni en ég og svo mætti ég í upphitunina og þá bentu allir á mig og sögðu: „Fyrsti apríl!“ Þetta var sem sagt Magnús Geir búinn að plotta (hlær).

Hvernig rataðir þú inn í leiklistina?

Það var algjörlega í gegnum Herranótt, sem sagt á árunum í MR. Þar rataði ég inn í farsa sem Skari skripó var að leikstýra og það var eitt það skemmtilegasta sem ég hafði upplifað. Svo í kjölfarið á því var ég aðstoðarleikstjóri og þá fékk ég að kynnað öðrum hliðum leikhússins og þá kviknaði leikstjóradraumurinn hjá mér. Eftir MR sótti ég þá um í leiklistarskólann og í umsókninni tók ég meira að segja fram að mig langaði að verða leikstjóri, ekki leikari. Þá var ekki komin þessi deild sem heitir Fræði og framkvæmd, ef hún hefði verið komin hefði ég pottþétt sótt um þar. Það var lán í óláni að ég endaði í leikaranámi því ég er búin að skemmta mér stórkostlega við það.

Hefur þú eitthvað gert til að elta leikstjóradrauminn?

Algjörlega, það er á 50 ára planinu. Ég hef alveg verið að leikstýra smá. Ég leikstýrði Leikfélagi Patreksfjarðar fyrir tveimur árum og svo hef ég leikstýrt áhugaleikhópum unglinga og skrifað leikrit. Ég stefni að því að skrifa meira fyrir leikhús og vonandi eitthvað fyrir sjónvarp og kvikmyndir líka. Það væri algjörlega draumurinn að fara að leikstýra meira.

Voru einkennisorð þín í leiklistarskólannum: „Æ, sorri, ég datt út“?

Það er eiginlega Jörundur (Ragnarsson), unnnusti minn, sem á þessi orð skuldaust. Ég deili þeim stundum með honum, við eigum það sameiginlegt að vera frekar utan við okkur. Ég myndi persónulega orða það þannig að við værum afslöppuð gagnvart lífinu.

Þið Jörundur kynntust í leiklistarskólannum en voruð ekki alveg tilbúin að opinbera samband ykkar fyrst um sinn.

Alveg rétt, ég man ekki alveg af hverju okkur fannst þetta þurfa að vera leyndarmál fyrst. Þegar þetta komst síðan upp þá tóku krakkarnir í bekknum þessu alveg ágætlega en fannst þetta kannski eitthvað skrytið og óttuðust að þetta kæmi ójafnvægi á bekkinn. Þau grínuðust reyndar líka með það að ef við myndum eignast barn þá yrðu þau að leggja í púkk fyrir barnapíu svo við myndum ekki týna því af því að erum bæði svo utan við okkur (hlær). Við höfum hins vegar þroskast mjög mikið síðan þetta var sagt, við erum ekki að fara að týna barninu okkar.

Ert þú orðin sleipari í því að hella upp á kaffi í dag heldur en þegar þið Jörundur byrjuðu að búa?

Guð minn góður, ég er mjög greindarskert þegar kemur að eldamennsku. Þegar ég kemst með tærnar inn í eldhús þá slokknar á einhverju í hausnum á mér. Þegar ég var nýbyrjuð að búa bankaði mágkona mín upp á og ég var bara ein heima og drakk ekki kaffi á þessum tíma en hugsaði: „Einmitt, þegar það koma gestir þá býður maður þeim upp á kaffi.“ Ég bauð henni upp á kaffi en fattaði

svo að ég kunnir ekkert að hella upp á. Ég var með svona rafmagnshraðsuðuketil úr plasti sem ég setti í samband og setti síðan á eldaveðarhelluna og kveikti á henni. Það var síðan ekki fyrr en mágkonan benti á að það væri eitthvað skrytin lykt inni í íbúðinni sem ég uppgötvaði að ég væri að gera eitthvað vitlaust. Þá var hálfur bráðnaður plastketill yfir allri eldaveðlinni. Þetta er eiginlega of vandræðalegt til að minnast á þetta. Gáfur mínar eru á öðrum sviðum en eldamennsku. Ég hef ekki gert þetta aftur en ég kann ekki ennþá að hella upp á kaffi. Ég fékk kannski bara einhverja fóbiu gagnvart því eftir þetta atvik.

Hvað er það skemmtilegasta við leikarastarfið hérlendis og hvað er það sísta?

Það skemmtilegasta er að það er svo margt skapandi og hæfileikaríkt fólk sem ég fæ að vinna með og það er svo margt nýtt og spennandi að gerast í leikhúslífinu hérlendis og það er gaman að vera partur af þeirri bylgju. Stærsti ókosturinn er í raun bara hvað þetta er fátíðlega illa borgað, stundum líður manni eins og maður sé hálfpartinn í sjálfboðavinnu.

Þú hefur fengið tækifæri til að leika á sviði, í sjónvarpi og kvikmyndum. Hvað finnst þér um leikna íslenska dagskrárgerð í sjónvarpi? Er eitthvað í sambandi við hana sem þér finnst vanta eða eitthvað sem mætti vera meira af?

Almennt finnst mér til dæmis það sem Stöð 2 er búin

DÓRA Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 200780.

Uppáhaldsmatur: Rjúpa á jólnum.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Fyrir utan heima, þá New York.



Uppáhaldsleikrit: Það er ótrúlega erfitt að velja. Af klassískum verkum myndi ég velja Macbeth, en af íslenskum gæti ég ekki valið á milli. Forðist okkur eftir Hugleik Dagsson og Hotel Volkswagen eftir Jón Gnarr.

Fyndnasti einstaklingur heims: Ég held að á minni ævi hafi ég eytt mestum tíma í að hlæja að Jóni Gnarr.



Æskuátrúnaðargoð: Michael Jackson.

Við höfum um hins vegar þroskast mjög mikið síðan þetta var sagt, við erum ekki að fara að týna barninu okkar.

1980
Fæðist þann 20. júlí.
Byr í Breiðholti til 1990. Elst upp í Vesturbænum og gengur í Granda-skóla og Hagaskóla.

1994
Fermist á pálmásunnudegi í Nes Kirkju.

2000
Útskrifast úr Menntaskólanum í Reykjavík um vor.



2000-2001
Dvaldist í Sevilla á Spáni.

2006
Útskrifast frá leiklistardeild LHÍ um voríð.



2007
Leikur sitt fyrsta stóra hlutverk í atvinnuleikhúsi þegar hún leikur Kótu í LEG.

2012
Leikur Sigga litla í Hotel Volkswagen eftir borgarstjórn Jón Gnarr.



2012
Á forsíðu Monitor 5. apríl.

að vera að gera alveg frábært. Þar er mikill metnaður lagður í íslenska dagskrárgerð og þar á meðal leikið efni. RÚV mætti taka sér Stöð 2 til fyrirmyndar varðandi það. Það er mikilvægt fyrir samfélagið og menninguna okkar að það sé mikil áhersla lögð á íslenskt leikið efni og að það sé sem fjölbreyttast svo það höfði til sem flestra.

Þú slóst í för með Mið-Íslandsstrákuunum fyrir sjónvarpsþættina þeirra. Hvernig vildi það til?

Leikstjórnin, Raggi Hans, hringdi í mig síðasta vor og bað mig um að vera með. Ég vann með honum í annarri seríu af Sigtinu þar sem ég var skrifta og fékk síðan að leika ýmis aukahlutverk. Það mætti kannski líta á þetta sem framhald af því samstarfi.

Hvernig var fyrir þig að koma inn í þennan hóp uppistandsgrínista?

Það var auðvitað bara ótrúlega skemmtilegt, alveg frábært ferli. Það var alveg sérstakt að mæta inn í þennan hóp, það er í raun eins og að mæta inn í fuglabjarg, en samt á jákvæðan hátt. Þeir eru stanslaust að grínast og espa hvern annan upp einhvern veginn. Það er alltaf frábært að vinna með svona frjóum einstaklingum.

/// Ég er í raun að leika þrítuga konu sem þykist vera sonur sinn og allir samþykkja það af því að verkið gerist í svo meðvirkum heimi.

Þeir hafa ekki smitað þig af uppistandsbakteríunni?

Guð minn góður, nei. Ég held að ég eigi aldrei eftir að prófa það. Ég dáist að fólki sem þorir að halda uppistand, þetta er eitthvað sem ég óttast hvað mest, að standa uppi á sviði og reyna að vera fyndin án þess að vera í karakter. Mér líður betur þegar ég fer með línur sem ég eða einhver annar er búinn að skrifa á undan og ég get æft mig. Mér líður betur í karakter uppi á sviði. Það væri ekki einu sinni hægt að mana mig upp í þetta. Eða það þyrfti mikið til og marga peninga (hlær).

Um þessar mundir ferðu með hlutverk Sigga litla í leikritinu Hótel Volkswagen. Hvernig sýning er þetta og hver er Siggilíti?

Þetta er stórkostlega fyndið og skemmtileg verk en um leið djúpt á margan hátt og deilir á fullt af þáttum í samfélaginu okkar. Mér finnst það alveg magnað. Siggilíti er örugglega mest ópolandi krakki í heimi (hlær). Hann er tólf ára strákur en er samt í raun mamma sín, eins eðlilega og það hljómar. Ég er í raun að leika þrítuga konu sem þykist vera sonur sinn og allir samþykkja það af því að verkið gerist í svo meðvirkum heimi. Hún er leynilögreglukona og ferðast um í dulargervi sem tólf ára sonur sinn.

Leikritið er samið af Jóni Gnarr og leikstýrt af Benedikt Erlingssyni. Fylgdist þú með þeim félögum í Fóstbræðrum á árum áður?

Já algjörlega, ég horfði á þessa þætti fram og til baka og átti allar vídjóspólurnar. Ég kann nánast alla sketsana utan að og ég stend sjálfa mig enn að því að vera að vitna í þá. Ég verð meira að segja ennþá pinku „starstruck“ þegar ég er í kringum þá. Þeir eru algjörir snillingar. Annars varð ég alveg vör við að Benni man miklu minna eftir öllum sketsunum heldur en við sem dýrkuðum þetta. Ég hef það á tilfinningunni að ég sé búin að horfa á þetta töluvert oft en hann.

Þú ert einn af stofnmeðlimum leikhópsins Ég og vinir mínir. Hvernig er fyrir svona lítill og sjálfstæð leikfélög að reka sýningar?

Þar kemur sjálfbodavinnan inn sem ég var að tala um áðan. Í svona sjálfstæðu verkefni er maður örugglega að gefa helminginn af vinnunni sinni en aftur á móti er þetta ástríða manns þannig að maður myndi gera þetta ókeypis ef lífið og tilveran virkaði þannig að maður þyrfti ekki að borga leigu og mat. Í svona verkefnum verður maður að stóla á gott umtal því það er aldrei til nægur peningur til að auglýsa svona sýningar. Við í Ég og vinir mínir vorum mjög heppin síðast því þá fórum við í samstarf við Þjóðleikhúsið og nutum góðs af því auglýsingalega séð. Þetta er auðvitað barningur en ótrúlega gefandi á sama tíma.

Þú ólst upp í Vesturbænum og býrð þar enn. Ert þú týpan sem fer helst ekki út fyrir 101 og 107?

Já, hingað til og ég sé það í raun ekki breytast í náinni framtíð. Eða jú, ég sé það breytast í náinni framtíð, við erum mjög líklega að fara að flytja til New York í vetur, en það er náttúrulega svona 101 Bandaríkjanna (hlær). Unnusti minn er líklegast að fara í kvikmyndagerðarnám í Columbia-háskólanum.

Við ætlum að stökkva á tækifærið ef við náum að fjármagna það. Sjálf er ég að skoða hvað ég mun taka mér fyrir hendur í New York.

Nú átt þú lítinn strák og horfir því ef til vill á barnatímamannanna slagið. Hvort ert þú meira fyrir nöfnu þína þar, Dóru landkönnuð, eða nöfnu þína í leikhúsinu, Dóru Geirharðs?

Það er mjög auðvelt að svara þessu. Dóra Geirharðs er mikil fyrirmynd mín í leiklistinni. Hún er metnaðarfull, frjög, skapandi, kærleiksrík og fer alltaf alla leið, er alveg óhrædd. Það er mjög inspirerandi að fylgjast með henni vinna. Ég held að hún viti alveg að ég lít svona upp til hennar. Fyrstu vikurnar sem við vorum að vinna saman vorum við alltaf að lenda í því að það var verið að kalla „Dóra!“ og þá litum við auðvitað báðar við. Til að forðast það var ákveðið að hún hétu Dóra 1 og ég Dóra 2. Mér þótti það bara heiður (hlær).

Þú ert ekki mesti túnfisksalatsunnandi landsins, er það?

Nei, ég hef aldrei smakkað það. Mér finnst það svo ógímilegt, það er skrytinn lykt af því og það lítur illa út (hlær). Ég er alveg til í að smakka það einn daginn en það hefur einhvern veginn aldrei virst neitt sérstaklega góð hugmynd fyrir mér hingað til.

Ert þú gikkur hvað mat varðar?

Já, ég er gikkur. Þegar ég var lítil þekktust Vigdís Finnbogadóttir og amma mín og þá var alltaf sagt við mig: „Þú veist að það eru ágætislíkur á að einn daginn verði þér boðið í mat á Bessastöðum. Hvað ætlar þú þá að gera? Ætlar þú ekki að borða matinn þar?“. Þetta var notað til að æfa mig í því að borða allan matinn minn. Svo var mér reyndar boðið á Bessastaði löngu síðar í eitthvað boð og þá var ég aldeilis undirbúin fyrir

að þurfa að borða matinn minn og þá þyrfti akkúrat að vera þorramatur í matinn. Ég lét mig hafa það og borðaði allan matinn minn en þetta var í fyrsta skipti sem ég borðaði þorramat.

Biður þú spennst eftir páskaegginu?


Já, alveg eins, bara eins og flestir. Ég á örugglega eftir að borða það af bestu lyst á páskadag. Svo grætur maður daginn eftir og fer í ræktina daginn eftir það (hlær). Þetta klassíska mynstur.

Þú segir að launin í bransanum séu ekki eins og best væri á kosið. Ef þú ynnir hundrað milljónir í lottói á morgun, veist þú hvernig þú myndir ráðstafa þeim?

Já, ég myndi borga þetta nám sem Jörundur er að fara í, fara sjálf í meira nám þegar hann væri búinn og svo myndi ég framleiða kvikmynd og stofna leikhús. Ókei, ég þyrfti reyndar kannski 1000 milljónir en ekki 100, en þú skilur hvað ég meina.

Þú talar um 50 ára plan. Hvað er á 5 ára planinu og hvað er á 50 ára planinu?

Á 5 ára planinu eru vonandi búseta í útlöndum, fleiri börn og fleiri skemmtileg tækifæri á leiklistarsviðinu. Annars er ég opin fyrir öllu. Á 50 ára planinu er bara markmiðið að sigra heiminn og gera eitthvað stórkostlegt, oft.



SAMSUNG

UNGLINGURINN



Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða!

Samsung
GALAXY *y* Young

- Uppfærðu statusinn
- Deildu myndum
- Hlustaðu á tónlist
- Spílaðu leiki



Símar fyrir alla frá Samsung. Söluaðilar um land allt

„I'll never let go, Jack. I promise."
Titanic, 1997



VILTU VINNA MIÐA?

Dið komum í fríðil!

A TIMO VUORENSOLA FILM
IRON SKY

FRUMSÝND 13. APRÍL

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL SKY
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

HÁSKÓLA **BÍÓ** BÍÓ **PARADÍS**
Heimiliskvikmyndir



9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA

FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.
MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

græna ljésið



RÓS Í HNAPPAGATIÐ
Á JAKKANUM

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

Titanic í 3D

Myndin byggir á þeim atburðum þegar Titanic, farþegaskipið íburðarmikla sem átti að vera ósökkvandi, sökk nú samt í sinni fyrstu ferð yfir Atlantshafið eftir að hafa rekist á ísjaka sem reif stór gót í skipsskrokkinn. Við kynnumst hér hinum unga Jack Dawson (Leonardo DiCaprio) sem tekst að verða sér úti um far á þriðja farrými skipsins. Um borð kynnist hann Rose DeWitt Bukater (Kate Winslet) sem er á leið til Bandaríkjanna þar sem hún á að giftast hinum snobbaða Caldeon Hockley (Billy Zane) en á því hefur hún takmarkaðan áhuga. Svo fer að þau Jack

Leikstjóri: James Cameron.
Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio, Kate Winslet, Billy Zane, Kathy Bates, Gloria Stuart, Bill Paxton og Frances Fisher.
Lengd: 194 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.

og Rose fella hugi saman áður en örlögin taka í taumana.

Óhætt er að segja að kvikmyndin Titanic hafi sigrað heiminn þegar hún var frumsýnd fyrir jólin 1997. Hún sló öll aðsóknarmet og hlaut flest þau verðlaun sem hægt var að vinna, þar á meðal 11 Óskarsverðlaun af þeim fjórtán sem hún var tilnefnd til sem er metjöfnun.

Það tók 60 vikur að útbúa þrívíddarútgáfu myndarinnar sem er frumsýnd um allan heim um páskana í tilefni þess að 12. apríl eru 100 ár liðin frá þessu frægasta sjóslysi allra tíma.

VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á **Titanic**, fylgstu með ...

facebook.com/monitorbladi

KVIKMYND

Reiði bíogestsins

Ég man vel eftir því þegar ég gekk út úr bíóinu eftir að hafa séð Clash of the Titans. Þá var mér skemmt en ég var hinsvegar hundfúll út í bölvuðu þrívíddina sem fór illa með annars ágæta mynd. Þegar ég gekk út úr bíósalnum eftir Wrath of the Titans síðastliðið laugardagskvöld var tilfinningin öfugsnúin, þrívíddin var komin í gott stand og naut sín vel en myndin sjálf var ekki upp á marga fiska.


Sagan gerist tíu árum eftir fyrri myndina og er hálfguðinn Perseus, ásamt syni sínum, búinn að koma sér vel fyrir í fiskiþorpi þar sem lítið er um áföll. Ekkert skiptir hann jafn miklu máli og velferð frumbyrdarins en þegar Seif sjálfan, föður Perseusar, ber að garði með slæmar fréttir er hann tilneyddur til að dusta rykið af sverðinu. Guð undirheimanna, Hades, hefur nefnilega í bígerð að frelsa hinn ógurlega Krónos úr fangelsi og stafar öllu mannkyninu hættu af honum. Upphefst þá mikil svaðilför Perseusar til undirheimanna og er hann með nokkra misskemmtilega karaktera með sér í för.

Pungavigtarsleggjur duga ekki til
Eins og ég hef nú gaman af ævintýramyndum þá gerði þessi mynd ótrúlega lítið fyrir mig. Sögubrúðurinn



HJÁLMAR KARLSSON

WRATH OF THE TITANS
MMMMM



þvingaður og myndin er á heildina lítið ekki vel leikin. Það sem gefur henni örlítið afþreyingargildi eru bardagaatriðin sem eru flest nokkuð fjörug og þar fylgja með flottar tæknibrellur. Þó svo þungavigtarsleggjurnar og eilífðartöfфарarnir Ralph Fiennes og Liam Neeson leiki stór hlutverk þá dugir það ekki til. Miklar líkur á því að þeir hafi tekið að sér hlutverkin fyrir feita ávisun og til að rifja upp góða tíma frá tókum á Schindler's List.

Sem sagt, slöpp mynd með lítið kjöt á beinum sem er varla þess virði að sjá nema viðkomandi sé með gífurlegan áhuga á grískri goðafræði.

JUNO OG BLEEKER
(Ó)LÉTT Á ÞVI



SVARTHÖFÐI.IS ...gagrýnir úr bunkanum

Litla myndin sem gat

Nýr heimur bíður Juno þegar hún þarf að leysa vandamál sem hún hefur ekki þurft að kljást við áður. Hún er ólétt eftir besta vin sinn og hvorugt þeirra telur sig hafa þroska til þess að leysa vandamálið án stuðnings góðra vina og hvors annars.

Juno er litla myndin sem gat. Lítil, sjálfstæð framleiðsla, gerð með réttu hugarfari af réttum einstaklingum, á réttum tíma og uppskar fyrir vikið athygli hvert sem hún fór. Myndin hlaut á sínum tíma fjórar tilnefningar til Óskarsverðlauna, þar á meðal fyrir bestu mynd, leikstjórn og frumsamda handrit, en myndinni féll í skaut Óskarinn fyrir það síðastnefnda.

Leikstjórnir ungi Jason Reitman leikstýrir hér sinni annarri kvikmynd, ferskur eftir satíruna ágætu Thank You For Smoking. Hann kemur sterkur inn ásamt Judd Apatow og félögum í nýja bylgju þroskaðra gamanmynda



þar sem handrit og góður leikur hefur tekið stakkaskiptum í gamanmyndum síðastliðin áratug.

Handrit myndarinnar er frumraun fatafellunnar og bloggarans Diablo Cody. Handritið er einstaklega hnyttid og skemmtilegt. Orðaleikir Codys eru afar vel skrifaðir og ekki spillir skrautlegur orðaforði sem kemur sífellt á óvart fyrir. Ýmsar tilvísanir í poppmenningu á borð við Thundercats og leikstjórnann Dario Argento passa furðuvel inn í myndina.

Ungstímið Ellen Page fer hreint á kostum sem hin sextán ára óléttu Juno. Allir taktar og stælar mætti halda að væru Page eðlilegir, hún fer með þvilkít ferskar og skrautlegar, óþvingaðar setningar sem maður gæti haldið að væru spuni. Þrátt fyrir að látast vera hörd af sér er Juno óharnaður unglingur með hjartað á réttum



stað og Page tekst frábærlega að koma því til skila. Faðir barnsins, Bleeker, er leikinn af Michael Cera sem sumir hverjir þekkja úr þáttunum Arrested Development. Líkt og þar, sem og í myndinni

Superbad, leikur Cera sams konar vandræðalegan en fyndinn aula. Eins fyndið og það er þá leikur einmitt Jason Bateman í Juno en hann lék föður Cera í Arrested Development. Leikur Batemans er jafn áreynslulaus og áður og er gaman að fylgjast með honum. Aðrir leikarar á borð við Jennifer Garner, Allison Janney og þá sérstaklega J.K. Simmons standa sig vel. Tónlistin í myndinni er frábær, frá upphafslaginu til lokalslagsins sem slær þægilega botninn í myndina. Frumleg og sjaldheyrð „indie“-tónlist fer myndinni vel.

Juno kom mér ótrúlega á óvart á sínum tíma og hún stendur ennþá fyrir sínu í dag. Þetta er falleg og hjartnæm mynd þar sem slegið er á léttu strengi þótt þroskuð sagan sé í fyrirrúmi.

www.svarthofdi.is

TÖLVULEIKUR



Tiger Woods

TEGUND: Golfleikur

PEGI merking: 3+

Útgefandi: EA Sports

Dómar: Gamespot 7 af 10

IGN 6,5 af 10

Eurogamer 6 af 10

Tígurinn á leik

Tígurinn hefur hin síðari ár verið mest í fréttum fyrir fími sína í lárétta partíðansinum, en þann dans hefur okkar maður stundað með góðum árangri um flest öll (byggð) ból. Þrátt fyrir þessi mögnuðu hliðarspor hafa EA Sports-menn ekki gleymt golfhæfni hans og gáfu út á dögunum 15. leikinn í Tiger Woods PGA Tour-seríunni. Að þessu sinni hefur Tígurinn fengið Rory McIlroy til að hlýja sér á kápu leiksins og fer vel á því. Af fjölmörgum nýjungum má helst nefna nýtt sveiflufkerfi leiksins, en nú geta leikmenn haft meiri fjölbreytni í sveiflunni og stíllt hana á óteljandi vegu til að ná hinu fullkomna höggi. Miklu skiptir að hafa rétta tempóið, stilla kraftinn og hvar maður vill hitta boltann. Þetta er mesta breyting sem gerð hefur verið á sveiflufkerfinu í meira en 10 ár og virkar mjög vel. Nú geta leikmenn líka búið til sinn eigin golfklúbb á netinu og boðið vinum sínum þátttöku. Þetta er mjög sniðug viðbót sem gerir meira úr félagslega hluta leiksins, en hér hittast menn, taka þátt í mótum og berjast fyrir því að gera klúbbinn sem öflugastan.

Bestu augnablikin

Annað athyglisvert í þessum nýja Tiger-leik er svo-



kallaður Tiger Legacy-möguleiki, en hér spila leikmenn í gegnum allan feril Tígersins. Þessi kafli leiksins byrjar þegar Tígur er þriggja ára að vippa golfboltum í sundlaug í garðinum hjá sér.

Upp frá því fer hann að keppa við þabba sinn og svo dettur hann inn á unglingsárin og tekur þátt í hinum ýmsu mótum. Inn á milli upplifa leikmenn klassísk

Tiger Woods-augnablik og er góður fliungur í því að spila þennan hluta leiksins, en hér fær maður meiri innsýn í hversu mikill snillingur Tígurinn er.

Fyrir utan allt þetta geta leikmenn svo búið til sinn eigin golfara sem byrjar sem áhugamaður og þurfa leikmenn að koma honum í PGA mótaröðina með tilheyrandi spilamennsku.

Einnig er öflug netspilun í Tiger sem virkar mjög vel og svo eru í leiknum hátt í 40 brautir og geta leikmenn valið úr rúmlega 20 atvinnuönnunum til að spila sem.

Grafkin er mjög flott og hefur verið bætt örlítið frá fyrri útgáfum, einnig er stuðningur við Kinect- og Move-græjurnar betri en áður. Það er klárt mál að Tígurinn hefur sjaldan eða aldrei verið betri.



ÓLAFUR ÞÓR
JÓNSSON

SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA 2012



Skóðuðu lögin og keppendur
í Söngkeppni framhaldsskólanna
á mbl.is/songkeppni

mbl.is



TÓNLIST, KYNDIYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHOR, LISTA, DRÖTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Guðjón Davíð Karlsson, Góí
Á forsiðu: 2. september 2010
Fyrirsögn viðtals: Laminn fyrir að hlusta á útvarpsleikhúsið í vinnunni

Takk fyrir að spyrja, bara allt mjög gott. Síðan ég var á forsiðu Monitor hefur allt breyst. Engin gigg og allt bara á pásu. Nei, ég segi svona. Ég er búinn að sýna og sýna í Borgarleikhúsinu í vetur og núna eru sýningar á Góa og baungrasinu á fullu. Það er ótrúlega gaman. Svo er maður bara byrjaður að bóka sumarið á fullu og allt að fyllast. Ég ætla mér samt að taka smá sumarfrí. Ferðast um landið og leika við börnin mín. Akkúrat núna, sko núna, þegar ég er að tala við þig þá er ég að æfa Rómeo og Júliu sem er verið að fara að sýna í Borgarleikhúsinu. 10 ára afmæli þessarar sýningar, það er því líkur heiður að fá að taka þátt í því ævintýri. Svo eru bara að koma páskar. Það er nú alltaf gaman. Gleðilega páska.



LOL-MAIL MONITOR

3. apríl 2012 10:05
 til: Logi Bergmann Eðsson

Heill og sæll sjónvarpsgoðsögn Ertu ekki léttur? Hinn hárbeyti Björn Bragi skoradi á þig svo nú er að sjá hvort þú sért ekki léttur á prenti líka.

Svo máttu gjarnan skora á einhvern sprelligosa.

Þakkir kærar,
 Jón Ragnar

Jú komiði sæll!
 Maður verður að vera léttur.

Skjaldbakan kom inná löggustöðina og hrópaði: Ég var rænd af sniglagengi. Geturðu lýst þeim? Nei, þetta gerðist svo hratt!

Ég skora á Ólaf Ragnar Grímsson, af því að það verður geðveikt vesen. En samt ekki útilokað af því að hann er að fara í kosningar.

kv.
 Logi

LOKAPRÓFIÐ

| 5. apríl 2012 |
MONITOR
 skólinn

Ég heiti Gunnlaugur Bjarnason Ef ég væri ekki Gunnlaugur Bjarnason myndi ég

þú veist hver ég er af því að er í hljómsveitinni RetRoBot og er með vinna Músiktilraunir!

Þegar ég og félagar mínir í FSu duttum út úr 8-liða úrslitunum í Gettu betur hugsaði ég:

- a) „Þvílík sóun á bensíni.“
- b) „Vá, hvað mér gæti ekki verið meira sama, ég fer bara og vinn Músiktilraunir í staðinn.“
- c) „Hvað er málið með Eddu Hermanns og að vera heit?“
- d) „Ætti ég að bjóða Eddu Hermanns í bió?“
- e) _____



Ég elska West Ham
 a) og fagna gríðarlega í vor þegar þeir fara aftur upp í úrvalsdeildina.
 b) og hef ákveðið að blása sápuklútur að eilífu.
 c) en mér finnst svolítið leiðinlegt hvað þeim gengur illa að halda í alla flottu leikmennina sem þeir ala upp.

Ef ég þyrfti að hanga með einum hópi þar til ég kveð þessa veröld myndi ég velja

- a) strákana í Gettu betur-liðinu
- b) strákana í RetRoBot
- c) stuðningsmannaklúbb West Ham
- d) _____

af því með þeim dansa ég til eilífar

í mínum huga lítur RetRoBot svona út:



Ég tek þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna í ár fyrir hönd FSU en uppáhaldskeppnin mín er

- a) Gettu betur.
- b) Músiktilraunir.
- c) einmitt Söngkeppni framhaldsskólanna.
- d) allt ofantalið.
- e) ég er greinilega með keppnisfíkn.

helst vilja vera

- a) Gunnlaugur, faðir Arnars og Bjarka
- b) Gunnlaugur ormstunga
- c) Gunnlaugur Briem, trommari
- d) Gunnar Laugur, sundlaugarvörður
- e) _____

af því að þann dag fyrir það þsema hann elskaði.

Ef ég myndi festast í skíðalyftu myndi ég vilja hafa með mér

- a) básúnuna mína.
- b) braud með hnetusmjöri
- c) iPod
- d) góðan kodka
- e) og glas af mjólk vegna þess að það er svo vest þegar hættu smjör og þessi í kokkinnu.


Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

Ef ég mætti fara í hádegismat með einhverri goðsögn yrði

- a) Gene Simmons, bassaleikari Kiss **LEGEND!!!**
- b) Davíð Stefánsson, skáld
- c) Jóakim aðalönd
- d) Bobby Moore, fyrrverandi fyrirliði West Ham og Englands
- e) _____

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Humphrey Bogart til að leika mig en líklega yrði það samt Ingvar F. Sigurðsson.

Síðasta sms sem ég fékk var frá lagunum aðdáendum og í því stóð: ertu á hvíldur?




Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa í staðinn fyrir að skrifa tvö þúsund og hef áttu allir að skrifa tvö þúsund og tálitit



VEL GERT

Helga María Vilhjálms
 Ég vil hrósa Helgu Maríu Vilhjálmsdóttur, skíðakonu í ÍR, fyrir framúrskarandi árangur á unglingameistaramóti



á skíðum sem fram fór á Ísafirði um þarseinustu helgi. Helga María vann alla sína keppnautu og landaði 4. titlinum. Einnig vann hún alla strákana í stórsvigi. Helga er gríðarlegt efni sem gaman er að fylgjast með. Hún æfir um þessar mundir í skíðamenntaskóla í Noregi.



ÉG HEF ALDREI

- 1 ...keyrt hringinn. SA-land er mér hulin ráðgata.
- 2 ...lesið heila bók eftir Halldór Laxness. Skammast mín fyrir það.
- 3 ...getað verið fyndinn undir pressu. Sorrí, Monitor.
- 4 ...verið eins glaður og þegar ég lyfti Hljóðnem-anum. Æskudraumur að rætast í beinni útsendingu.
- 5 ...getað munað hvar ég setti lykllana mína. Minnið einskorðast við fánýtan fróðleik.
- 6 ...séð Godfather-myndirnar eða Shawshank Redemption. Er ég að missa af einhverju?
- 7 ...tweet-að um fótbolta. Það er alveg komið nóg strákar.
- 8 ...tekið alvöru „all-nighter“. Sofna alltaf í að minnsta kosti tvo tíma.

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► **Eva Laufey Kjaran**, bloggari, fílar.

KVIKMYND: Sú sem kom fyrst upp í hugann á mér er Pretty Women. Ég verð alltaf jafn ánægð þegar að hún fær loksins að kaupa sér almennileg fót í myndinni.

ÞÁTTUR: Án efa The Office, enska og bandaríska útgáfan. Dwight Schrute er einfaldlega einn skemmtilegasti karakter í sjónvarpi að mínu mati. Nigella, sjónvarpskokkur, er líka í uppáhaldi.

BÓK: Ég gat bara lesið Ég man þig eftir Yrsu Sigurðardóttur í dagsbirtu og var mjög skelkuð á meðan lestrinum stóð. Ég bið því mjög spennit eftir myndinni.



PLATA: Ég held svakalega mikið upp á Elvis Presley og er safndiskurinn í miklu uppáhaldi en þar eru allar perlurnar hans og ég hlusta á hann daglega. Það er náttúrulega enginn eins og hann Elvis minn!

VEFSÍÐA: www.evalaufeykjaran.com er bloggjið mitt og þar eyði ég miklum tíma í að skrifa um áhugamálið mitt sem er matur. Mér finnst ferlega skemmtilegt að elda, baka, borða, taka myndir og blogga um mat.


STAÐUR: Mér líður best heima á Akranesi, mér finnst voða gott að vera heima við og dunda mér, sérstaklega í eldhúsinu.





TILFINNINGARNAR TAKA VÖLDIN FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ KL. 21.15 Á SKJÁEINUM!

Hver kemst áfram í úrslitabáttinn?
Hringdu núna í **595 6000** og við opnum strax



Smelltu hér inn á Facebook síðu keppinnar og skoðaðu myndir af keppendum.

#hkeppni

mbl.is

vodafone

Cheerios



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmí

Rannsóknir sýna að notkun sykurlaus **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.